

## 73. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 2. júlí 2009, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir:

- a) Skipulags,- byggingar- og veitunefnd frá 30. júní 2009
  - b) Stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún frá 22. júní 2009
  - c) Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra frá 23. júní 2009
  - d) Menningar-og fegrunarnefnd frá 12. júní 2009
  - e) Menningar-og fegrunarnefnd frá 22. júní 2009
  - f) Menningar-og fegrunarnefnd frá 29. júní 2009
  - g) Jafnréttisnefndar frá 15. júní 2009
  - h) Landbúnaðarnefndar 10. júní 2009
  - i) Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 18. júní 2009
  - j) Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 24. júní 2009
2. Bréf frá Guðmundi Ágústssyni hrl. dags. 23. júní 2009
  3. Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 24. og 26. júní
  4. Bréf frá sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu dags. 26. júní 2009
  5. Önnur mál
- 

### Afgreiðslur:

#### 1. Fundargerðir:

##### a) Skipulags,- byggingar- og veitunefnd frá 30. júní 2009

*Bæjarráð fagnar auknum áhuga á byggingarframkvæmdum á Blönduósi en að þessu sinni úthlutaði nefndin 9 lóðum.*

*Bæjarráð samþykkir fundargerðina með 3 atkvæðum samhljóða.*

##### b) Stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún frá 22. júní 2009

*Lögð fram til kynningar*

##### c) Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra frá 23. júní 2009

*Lögð fram til kynningar*

##### d) Menningar-og fegrunarnefnd frá 12. júní 2009

*Bæjarráð samþykkir fundargerðina með 3 atkvæðum samhljóða.*

##### e) Menningar-og fegrunarnefnd frá 22. júní 2009

*Bæjarráð samþykkir fundargerðina með 3 atkvæðum samhljóða.*

##### f) Menningar-og fegrunarnefnd frá 29. júní 2009

*Bæjarráð samþykkir fundargerðina með 3 atkvæðum samhljóða.*

##### g) Jafnréttisnefndar frá 15. júní 2009

*Bæjarráð fagnar því að jafnréttisnefndin sé tekin til starfa.*

*Bæjarráð samþykkir fundargerðina með 3 atkvæðum samhljóða.*

**h) Landbúnaðarnefndar 10. júní 2009**

*Bæjarráð samþykkir fundargerðina með 3 atkvæðum samhljóða.*

**i) Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 18. júní 2009**

*Bæjarráð samþykkir fundargerðina með 3 atkvæðum samhljóða.*

**j) Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 24. júní 2009**

*Bæjarráð samþykkir fundargerðina með 2 atkvæðum og Valdimar Guðmannsson situr hjá.*

**2. Bréf frá Guðmundi Ágústssyni hrl. dags. 23. júní 2009**

*Krákur ehf. hefur falið lögmanni að leggja fram kæru til Kærunefndar útboðsmála í tengslum við 2. áfanga sundlaugarframkvæmdarinnar. Áður en kæran er lögð fram er Blönduósbæ gefinn frestur til 3. júlí n.k. að ganga til samninga við Krák ehf. eða semja um bætur.*

*Bæjarráð Blönduósbæjar hafnar því að lög eða reglur hafi verið brotin og hafnar því jafnframt alfarið að gengið verði til samninga við Krák ehf. um verkið eða bætur greiddar.*

*Valdimar Guðmannsson situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.*

**3. Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 24. og 26. júní**

*Óskað er eftir fundi með formanni skipulags-, byggingar- og veitunefndar, bæjarstjóra og byggingarfulltrúa.*

*Bæjarstjóra falið að boða til fundar.*

**4. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags. 26. júní 2009**

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur úthlutað á fiskveiðiarinu 2008/2009 byggðakvóta til handa Blönduós sem nemur 100 þorskígildistonnunum.*

*Bæjarráð leggur til við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að Fiskistofu verði falið að úthluta byggðakvóta sbr. reglugerð nr. 551/2009.*

**5. Önnur mál**

**a) Bréf frá Jónasi Skaftasyni ódags.**

*Lagt fram til kynningar*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 18.25*

*Arnar Þór Sævarsson(sign.)*

*Kári Kárason(sign.)*

*Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)*